



## Samningur

*um rekstur upplýsinga- og kynningarmiðstöðvar*

### 1. gr.

#### **Almennt**

Borgarbyggð, kt 510694-2289, Bjarnabraut 8, 310 Borgarnesi og Ljómalind ehf, kt. 510708-0320, Brúartorg 4, 310 Borgarnesi gera með sér svohljóðandi samning um rekstur og þjónustu upplýsinga- og kynningarmiðstöðvar í Borgarbyggð.

### 2. gr.

#### **Skyldur Ljómalind**

Ljómalind ehf. rekur upplýsinga- og kynningarmiðstöð fyrir ferðamenn í Borgarbyggð í starfsstöð sinni að Brúartorgi 4 í Borgarnesi. Upplýsingamiðstöðin er opin frá kl. 10:00 til kl. 18:00 alla daga samningstímans.

Ljómalind skuldbindur sig til að hafa einn til tvo starfsmenn sem sinnir verkefninu hversu sinni.

Starfsmenn upplýsinga- og kynningarmiðstöðvarinnar veita almenna upplýsingagjöf til ferðamanna og íbúa Borgarbyggðar um þjónustu og afþreyingu í Borgarbyggð. Þar má nefna upplýsingar varðandi verslun og veitingaþjónustu, gistingu, áhugaverða áningarstaði, sundlaugar og tjaldstæðþjónustu í sveitarfélaginu. Auk þess sér miðstöðin um ráðgjöf fyrir Borgarbyggð varðandi miðlun upplýsinga til ferðamanna og annarra.

### 3. gr.

#### **Skyldur Borgarbyggðar**

Borgarbyggð greiðir fyrir þjónustu sem fram kemur í 2. gr. þessa samnings.

Samskiptastjóri Borgarbyggðar mun vera tengiliður Borgarbyggðar við miðstöðina. Báðir aðilar samnings þessu skulu leitast við að hafa gott samstarf á milli upplýsinga- og kynningarmiðstöðvarinnar og sveitarfélagsins.

PHS AÓ

#### 4. gr.

##### Upphæð

Borgarbyggð greiðir Ljómalind ehf. kr. 1.312.500 – einmilljónþrjúhundruðog-tólfþúsundfimmhundruð krónur fyrir rekstur upplýsinga- og kynningarmiðstöðvarinnar á samningstímum.

Greiðslan skal fara fram með þremur jöfnum greiðslum.

- 1. júlí 2021 kr. 437.500
- 1. október 2021 kr. 437.500
- 1. desember 2021 kr. 437.500

Ljómalind ehf. sendir sveitarfélaginu reikning fyrir hverri greiðslu fyrir sig.

#### 5. gr.

##### Gildistími

Samningur þessi gildir frá 1. júní 2021 til 31.12.2021 og skal endurskoða að þeim tíma liðnu.

#### 6. gr.

##### Annað

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

Samningur þessi skal undirritaður í votta viðurvist.

Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdóm Vesturlands í Borgarnesi.

Samningur þessi er undirritaður og samþykktur með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar Borgarbyggðar.

Borgarnes, 30.06.2021

Agnes Óskarsdóttir

F.h. Ljómalind



F.h. Borgarbyggðar

Vottar að rétttri dagsetningu og undirritun

Maína Neves 240890-3609  
Brynja Baldursdóttir 280479-3149